

Siðareglur UMSB um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi.

UMSB hefur sett fram siðareglur um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Eru þessar siðareglur leiðbeinandi og viðbót við þær siðareglur sem nú þegar eru til og leggja áherslu sérstaklega á þennan málaflokk.

Reglur þessar endurspeglar það starf sem UMSB vill standa fyrir. Tilgangur þeirra er að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfi koma m.t.t kynferðislegrar áreitni og ofbeldis og gera íþróttahreyfingunni kleift að bregðast við ef þörf krefur. Reglurnar gilda um alla sem að íþróttastarfinu koma með einum eða öðrum hætti m.a. þjálfara og annað starfsfólk, iðkendur, stjórnar fólk, sjálfboðaliða og aðra.

1. Komdu fram við alla af virðingu og forðastu öll samskipti, athafnir eða hegðun sem gæti sært eða móðgað.
2. Forðastu líkamlega snertingu sem gæti valdið vanlíðan eða óþægindum.
3. Forðastu orðaskipti sem gætu verið túlkuð sem kynferðisleg.
4. Forðastu að segja eitthvað, grínast með eða láta í ljós skoðanir sem eru niðrandi varðandi kyn og kynhneigð annarra.
5. Forðastu að vera ein/einn með iðkanda eða einstaklingi sem þú ert í valdastöðu yfir.
6. Haltu þig í fjarlægð frá iðkanda og öðrum aðilum sem þú ert í valdastöðu yfir. Sýndu ábyrgð í samskiptum. Forðastu að eiga samskipti í gegnum síma og samskiptasíður á internetinu nema í tengslum við íþróttastarfið.
7. Forðastu ástarsamband eða kynferðislegt samband við iðkanda og öðrum aðilum sem þú ert í valdastöðu yfir, ef þú ert þjálfari, stjórnarmaður, starfsmaður, sjálfboðaliði eða í annarri valdastöðu.
 - a. Hvers kyns kynferðislegt samneiti þjálfara við iðkanda sem er yngri en 18 ára er með öllu óheimilt.
 - b. Ef þjálfari á í ástarsambandi eða kynferðislegu sambandi við sjálfráða iðkanda skal hann láta framkvæmdastjóra/formann íþróttafélagsins vita af því strax.
8. Misnotaðu ekki valdastöðu þína í kynferðislegum tilgangi.